

Orkuveita Reykjavíkur
Samstæða
Samandreginn árshlutareikningur
1. janúar til 30. september 2018

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfyrirtækja.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018 nam 5.924 milljónum kr. (1.1.-30.9.2017: 10.512 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018 nam 9.238 milljónum kr. (1.1.-30.9.2017: 7.410 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 324.608 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2017: 311.258 milljónir kr.). Eigið fé nam 151.860 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2017: 143.871 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 46,8% (31.12.2017: 46,2%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2018 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2018.

Reykjavík, 26. nóvember 2018.

Í stjórn fyrirtækisins:

Brynhildur Davíðsdóttir
Sigríður Rut Júlíusdóttir
Gylfi Magnússon
Kjartan Magnússon
Hildur Björnsdóttir
Guðjón Viðar Guðjónsson

Forstjóri:

Helga Jónsdóttir

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2018

	Skýr	2018 1.7.-30.9.	2017 1.7.-30.9.	2018 1.1.-30.9.	2017 1.1.-30.9.			
Rekstrartekjur	5	10.291.867	9.697.190	33.458.498	31.309.544			
Söluhagnaður		56	0	906	0			
Rekstrartekjur samtals		<u>10.291.923</u>	<u>9.697.190</u>	<u>33.459.404</u>	<u>31.309.544</u>			
Orkukaup og flutningur	(1.291.039)	(1.339.557)	(4.403.505)	(4.237.731)
Laun og launatengd gjöld	(1.390.023)	(1.201.209)	(4.587.441)	(4.032.189)
Annar rekstrarkostnaður	(1.232.891)	(1.139.584)	(3.549.195)	(3.473.918)
Rekstrarkostnaður samtals	(<u>3.913.953)</u>	(<u>3.680.350)</u>	(<u>12.540.141)</u>	(<u>11.743.838)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>6.377.971</u>	<u>6.016.839</u>	<u>20.919.262</u>	<u>19.565.706</u>			
Afskriftir	(2.349.620)	(2.344.497)	(6.965.265)	(7.050.985)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>4.028.350</u>	<u>3.672.343</u>	<u>13.953.998</u>	<u>12.514.721</u>			
Vaxtatekjur		89.068	91.250	261.202	309.605			
Vaxtagjöld	(1.668.697)	(1.189.793)	(4.685.603)	(3.885.196)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	(707.361)	1.825.293	(3.517.162)	5.163.992		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	7	<u>(2.286.989)</u>	<u>726.750</u>	<u>(7.941.563)</u>	<u>1.588.402</u>			
Áhrif hlutdeildarféлага	(25)	0	6.033	2.004			
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>1.741.336</u>	<u>4.399.092</u>	<u>6.018.468</u>	<u>14.105.127</u>			
Tekjuskattur	(17.681)	(1.198.124)	(94.534)	(3.592.751)
Hagnaður tímabilsins		<u><u>1.723.655</u></u>	<u><u>3.200.969</u></u>	<u><u>5.923.933</u></u>	<u><u>10.512.376</u></u>			

Skýringar á bls. 9-18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2018

	2018	2017	2018	2017
	1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins	1.723.655	3.200.969	5.923.933	10.512.376
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
Býðingarmunur	2.295.144	899.685	3.314.533	(3.102.194)
	<u>2.295.144</u>	<u>899.685</u>	<u>3.314.533</u>	<u>(3.102.194)</u>
Önnur heildarafkoma eftir skatta	<u>2.295.144</u>	<u>899.685</u>	<u>3.314.533</u>	<u>(3.102.194)</u>
Heildarafkoma	<u>4.018.799</u>	<u>4.100.654</u>	<u>9.238.466</u>	<u>7.410.182</u>

Skýringar á bls. 9-18 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. september 2018

	Skýr.	30.9.2018	31.12.2017
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		288.319.044	277.996.688
Óefnislegar eignir		1.836.738	1.607.504
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		67.296	61.263
Eignarhlutar í öðrum félögum		3.607.247	3.607.047
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		0	1.877.811
Áhættuvarnarsamningar		734.975	738.800
Tekjuskattsinneign		1.978.164	1.265.410
Fastafjármunir samtals		<u>296.543.464</u>	<u>287.154.523</u>
Birgðir		1.053.376	936.045
Viðskiptakröfur	8	5.930.352	5.847.289
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		0	346.301
Áhættuvarnarsamningar		345.031	36.081
Aðrar fjáreignir		0	4.090.265
Aðrar skammtímakröfur		534.142	305.860
Fyrirframgreiddur kostnaður		256.676	162.174
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf		6.278.017	6.124.722
Handbært fé		13.666.824	6.254.983
Veltufjármunir samtals		<u>28.064.418</u>	<u>24.103.719</u>
Eignir samtals		<u><u>324.607.882</u></u>	<u><u>311.258.242</u></u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		78.367.451	80.349.640
Bundinn hlutdeildarreikningur		25.119.546	16.805.347
Gangvirðisreikningur		3.144.133	3.144.133
Þýðingarmunur	(2.045.262)	(5.359.795)
Óráðstafað eigið fé		47.274.038	48.932.114
Eigið fé samtals		<u>151.859.906</u>	<u>143.871.439</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		133.325.643	129.811.656
Lífeyrisskuldbinding		684.372	608.261
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		1.499.066	0
Áhættuvarnarsamningar		498.286	737.006
Tekjuskattsskuldbinding		10.867.180	11.080.041
Langtímaskuldir samtals		<u>146.874.547</u>	<u>142.236.964</u>
Viðskiptaskuldir		2.171.106	2.230.378
Vaxtaberandi skuldir		14.965.205	14.667.114
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		353.636	0
Áhættuvarnarsamningar		875.943	2.898.249
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	2.005.308	0
Tekjuskattur til greiðslu		1.244.222	1.453.685
Aðrar skammtímaskuldir		4.258.010	3.900.413
Skammtímaskuldir samtals		<u>25.873.429</u>	<u>25.149.838</u>
Skuldir samtals		<u>172.747.976</u>	<u>167.386.803</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>324.607.882</u></u>	<u><u>311.258.242</u></u>

Skýringar á bls. 9-18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2018

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
1.1.-30.9. 2018							
Eigið fé 1. janúar 2018	80.349.640	16.805.347	0	3.144.133	(5.359.795)	48.932.114	143.871.439
Þýðingarmunur					3.314.533		3.314.533
Hagnaður tímabilsins						5.923.933	5.923.933
Heildarafkoma	0	0	0	0	3.314.533	5.923.933	9.238.466
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.982.190)					1.982.190	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfél. umfram móttækinn arð		8.314.199				(8.314.199)	0
Greiddur arður						(1.250.000)	(1.250.000)
Eigið fé 30. september 2018	78.367.451	25.119.546	0	3.144.133	(2.045.262)	47.274.038	151.859.906
1.1.-30.9. 2017							
Eigið fé 1. janúar 2017	72.918.471	7.000.139	59.759	2.822.160	(1.785.611)	40.460.965	121.475.883
Þýðingarmunur					(3.102.194)		(3.102.194)
Hagnaður tímabilsins						10.512.376	10.512.376
Heildarafkoma	0	0	0	0	(3.102.194)	10.512.376	7.410.182
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.121.018)					2.121.018	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfél. umfram móttækinn arð		5.937.852				(5.937.852)	0
Eigið fé 30. september 2017	70.797.453	12.937.991	59.759	2.822.160	(4.887.805)	47.156.508	128.886.065

Skýringar á bls. 9-18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. september 2018

	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	5.923.933	10.512.376
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7.941.563	(1.588.402)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(6.033)	(2.004)
Tekjuskattur	94.534	3.592.751
Afskriftir	6.965.265	7.050.985
Söluhagnaður eigna	(313.103)	(1.039)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	(71.353)	0
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	76.111	17.003
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	20.610.918	19.581.671
Birgðir, hækkun	(117.353)	(331.191)
Skammtímakröfur, hækkun	(385.396)	(54.723)
Skammtímaskuldir, hækkun	1.436.949	2.702.106
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	21.545.117	21.897.862
Innborgaðar vaxtatekjur	150.776	278.034
Greidd vaxtagjöld	(2.976.620)	(2.990.160)
Móttekinn arður	21.524	1.195
Greiðslur v. annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(568.903)	(562.344)
Greiddir skattar	(955.052)	0
Handbært fé frá rekstri	17.216.842	18.624.589
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(10.395.571)	(9.417.792)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(336.221)	(149.038)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	419.237	8.153
Kaup á eignarhlutum í öðrum félögum	(200)	0
Breyting á bundnum innlánnum	0	(2.000.000)
Breyting á markaðsverðbréfum	(700.684)	(681.184)
Aðrar fjáreignir	3.903.482	0
Fjárfestingarhreyfingar	(7.109.958)	(12.239.861)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	9.914.200	6.451.817
Afborganir langtímaskulda	(9.933.149)	(9.354.963)
Greiðslur vegna gjaldeyrisvarna	(1.569.199)	(1.619.730)
Greiddur arður	(1.250.000)	0
Skammtímalán, lækkun	0	(2.859.984)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.838.148)	(7.382.860)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	7.268.737	(998.133)
Handbært fé í ársbyrjun	6.254.983	12.356.669
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	143.104	(17.746)
Handbært fé í lok tímabilsins	13.666.824	11.340.790
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(277.789)	844.132
Skammtímaskuldir, breyting	277.789	(844.132)
Tekin ný langtímalán	0	1.139.811
Afborganir langtímaskulda	0	(1.139.811)
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	16.829.896	15.079.822

Skýringar á bls. 9-18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðureikningur OR geymir árs hlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		30.9.2018	31.12.2017
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100%	100%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	100%	100%
Veitur ohf.	Dreifing rafmagns og hita	100%	100%
Orka náttúrunnar ohf.	Sala rafmagns	100%	100%
OR Vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100%	100%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingafyrirtæki	100%	100%
Úlfjótavatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100%	100%
Foss fasteignafélag slhf.	Rekstur fasteigna	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2017 fyrir utan breytingar á reikningsskilaaðferðum vegna IFRS 15 (sjá skýringu 3. a.) og IFRS 9 (sjá skýringu 3. b.) sem tóku gildi í upphafi árs 2018 og greint er frá í skýringu 3. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 26. nóvember 2018.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 36 með ársreikningi 2017.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Nýir reikningsskilastaðlar

a. IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum

Staðallinn IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavinum* tók gildi í upphafi árs 2018. Hann gildir um sölu á vörum og þjónustu og leysir af hólmi staðlana IAS 18 og IAS 11 og ýmsar tengdar tülkanir. IFRS 15 byggir á fimm skrefa tekjuskráningarlíkani sem beita skal við tekjuinnlausn. Staðallinn innifelur heildstæðan ramma um ákvörðun tekna og veitingu upplýsinga um eðli, fjárhæðir, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi vegna samninga um vöru- og þjónustusölu. Nýja tekjuskráningarlíkanið er ólíkt eldri reglum á þann veg að tekjuinnlausn skal miða við afhendingu á vörum og þjónustu til viðskiptavinar, þ.e. flutning yfirráða, en samkvæmt eldri reglum byggðist tekjufærsla á yfirfærslu áhættu og ávinnings. Greining samstæðunnar á áhrifum IFRS 15 leiddi í ljós að hann hafði ekki áhrif á tekjuskráningu hennar. Af því leiðir að áhrif staðalsins á efnahagsreikning samstæðunnar í upphafi árs 2018 eru engin. Staðallinn gerir ítarlegri kröfur um upplýsingar en þeir staðlar og tülkanir sem hann leysti af hólmi. Upplýsingar um tekjur og tekjuskapandi starfsemi samstæðufélaga eru því ítarlegri en í fyrri reikningsskilum, sjá skýringar númer 4 og 5.

b. IFRS 9 Fjármálagerningar

IFRS 9 *Fjármálagerningar* tók gildi 1. janúar 2018 og kemur í stað IAS 39 *Fjármálagerningar: Skráning og mat*. Kröfur IFRS 9 um flokkun og mat fjárskulda eru að mestu leyti óbreyttar frá IAS 39. Hins vegar eru eftirtaldir flokkar fjáreigna samkvæmt IAS 39 afnumdir; fjáreignum haldið til gjalddaga, lán og kröfur og fjáreignir til sölu.

Innleiðing IFRS 9 hafði ekki veruleg áhrif á reikningsskilaaðferðir samstæðunnar vegna fjárskulda og afleiðugerninga. Samkvæmt staðlinum er við upphaflega skráningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að velja á milli þess að flokka fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eða gegnum aðra heildarafkomu. Eftir það er ekki heimilt að breyta flokkuninni.

Skýringar

3. Nýir reikningskilastaðlar, frh.

b. IFRS 9 *Fjármálagerningar, frh.*

Samstæðan flokkar eignarhluti í félögum á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu. Við upptöku á IFRS 9 er heimilt að halda þeirri flokkun óbreyttri og hafa stjórnendur OR ákveðið að nýta þessa heimild og halda óbreyttri flokkun. Flokkun á eignarhlutum í félögum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu leiðir til þess að gangvirðisbreytingar þeirra verða eingöngu færðar í aðra heildarafkomu og færast ekki í rekstrarreikning við sölu.

Markaðsverðbréf eru flokkuð á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Markaðsverðbréf eru ekki með þekkt framtíðar fjárstreymi og ber að flokka þau áfram á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur sem áður voru flokkaðar sem lán og kröfur samkvæmt IAS 39 eru nú flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Samkvæmt IFRS 9 er virðisrýmunarlíkani IAS 39 sem byggir á áorðnu tapi skipt út fyrir líkan með kröfutaði. Nýja virðisrýmunarlíkanið nær yfir fjáreignir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, samningseignir og skuldagerningar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, en tekur ekki til eiginfjárgerninga. Samkvæmt IFRS 9 er kröfutaði gjaldfært fyrr en samkvæmt IAS 39.

Við mat á væntu útlánatapi verður að taka tillit til breytinga í efnahagssumhverfinu sem hafa áhrif á vænt útlánatap, en matið þarf að byggja á líkindavegnum grunni. Hin nýja nálgun við mat á virðisrýmun felur í sér að niðurfærslur eru almennt metnar með tvennum hætti. Annað hvort er virðisrýmun metin sem 12 mánaða vænt útlánatap, í því felst virðisrýmun vegna mögulegra vanskila sem geta orðið innan árs frá uppgjörstegi, eða virðisrýmun er metin samkvæmt væntu útlánatapi á líftíma fjáreignar sem felur í sér mögulega virðisrýmun vegna vanskila sem yrðu á væntum líftíma fjáreignarinnar.

Eignir samstæðunnar sem flokkaðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af viðskiptakröfum og samningseignum, öðrum kröfum, bundnum innstæðum og handbæru fé. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru án verulegs fjármögnunarþáttar og áhættan óveruleg og miðast mat á virðisrýmun þeirra við vænt útlánatap á líftíma þeirra.

Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði samkvæmt IFRS 9 eru ýmist skammtímakröfur, þar sem líftími er skemmri en eitt ár eða kröfur með litla útlánaáhættu. Þess vegna er vænt útlánatap þeirra eigna hlutfallslega lágt og eru áhrif innleiðingar staðalsins á reikningskil samstæðunnar óveruleg að öðru leyti en því að auknar kröfur eru gerðar til efnis og umfangs skýringa.

Skýringar

3. Nýir reikningsskilastaðlar, frh.

b. IFRS 9 Fjármálagerningar, frh.

Taflan hér fyrir neðan sýnir upphaflega matsflokka samkvæmt IAS 39 og nýja matsflokka samkvæmt IFRS9 fyrir fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar þann 1. janúar 2018.

		Upphafleg flokkun skv. IAS 39	Ný flokkun skv. IFRS 9	Upphaflegt bókfært virði skv. IAS 39	Bókfært virði skv. IFRS 9
Fjáreignir:					
Eignarhlutar í félögum.....	Fjáreignir til sölu		Gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	3.607.047	3.607.047
Innb. afleiður í raforkus. samn...	Fjáreignir á gangvirði		Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	2.224.111	2.224.111
Skuldabréf.....	Fjáreignir á gangvirði		Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	4.090.265	4.090.265
Áhættuvarnir.....	Fjáreignir á gangvirði		Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	774.880	774.880
Viðskiptakröfur.....	Lán og kröfur		Afskrifað kostnaðarverð	5.847.289	5.847.289
Aðrar skammtímakröfur.....	Lán og kröfur		Afskrifað kostnaðarverð	305.860	305.860
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf.....	Lán og kröfur		Afskrifað kostnaðarverð	4.000.000	4.000.000
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf.....	Fjáreignir á gangvirði		Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	2.124.722	2.124.722
Handbært fé.....	Lán og kröfur		Afskrifað kostnaðarverð	6.254.983	6.254.983
Fjáreignir samtals.....				<u>29.229.157</u>	<u>29.229.157</u>
Fjárskuldir:					
Vaxtaberandi skuldir.....	Skuldir á afskr. kostnaðarverði		Afskrifað kostnaðarverð	144.478.770	144.478.770
Áhættuvarnir.....	Fjárskuldir á gangvirði		Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	3.635.255	3.635.255
Viðskiptaskuldir.....	Skuldir á afskr. kostnaðarverði		Afskrifað kostnaðarverð	2.230.378	2.230.378
Aðrar skammtímaskuldir.....	Skuldir á afskr. kostnaðarverði		Afskrifað kostnaðarverð	3.900.413	3.900.413
Fjárskuldir samtals.....				<u>154.244.816</u>	<u>154.244.816</u>

Skýringar

4. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 5 og tekjur eftir starfspáttum í skýringu nr. 6.

Vörur og þjónusta	Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar
a. Sala á rafmagni	Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.
b. Sala á heitu vatni	Veitur ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.
c. Sala á köldu vatni	OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.
d. Fráveita	OR Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.
e. Aðrar tekjur	Gagnaveita Reykjavíkur ehf. sér um rekstur gagnaflutningskerfis. Tekjur af gagnaflutningskerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu.

5. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rafmagn.....	14.432.307	14.045.434
Heitt vatn.....	9.004.644	8.078.686
Kalt vatn.....	2.370.042	2.434.386
Fráveita.....	3.971.910	3.745.032
Aðrar tekjur.....	3.679.595	3.006.007
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	33.458.498	31.309.544

Skýringar

6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspættir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orka náttúrunnar* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar og fleira. Gagnaveita Reykjavíkur sér um rekstur gagnaflutningskerfis.

Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 36 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017.

Rekstrarstarfspættir - svið

1.1.-30.9. 2018

	Veitur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	20.914.286	10.371.832	2.173.285	0	33.459.404
Tekjur innan samstæðu	2.252.443	3.477.972	5.630.638	(11.361.052)	0
Tekjur starfspáttá	23.166.729	13.849.804	7.803.923	(11.361.052)	33.459.404
Rekstrargjöld starfspáttá	(11.923.745)	(5.957.813)	(6.019.636)	11.361.052	(12.540.141)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	11.242.985	7.891.991	1.784.287	0	20.919.262
Afskriftir	(3.724.834)	(2.303.884)	(936.547)	0	(6.965.265)
Afkoma starfspáttá, EBIT	7.518.151	5.588.107	847.740	0	13.953.998
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.437.870)	(997.228)	(429.651)	(4.076.813)	(7.941.563)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	6.033	0	6.033
Tekjuskattur	(591.592)	(879.629)	(120.196)	1.496.882	(94.534)
Hagnaður tímabilsins	4.488.689	3.711.250	303.926	(2.579.932)	5.923.933

1.1.-30.9. 2017

Tekjur frá þriðja aðila	19.510.956	9.958.197	1.840.391	0	31.309.544
Tekjur innan samstæðu	2.599.042	3.111.011	4.490.880	(10.200.932)	0
Tekjur starfspáttá	22.109.998	13.069.207	6.331.271	(10.200.932)	31.309.544
Rekstrargjöld starfspáttá	(11.002.441)	(5.611.851)	(5.330.479)	10.200.932	(11.743.838)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	11.107.557	7.457.356	1.000.792	0	19.565.706
Afskriftir	(3.650.480)	(2.474.002)	(926.503)	0	(7.050.985)
Afkoma starfspáttá, EBIT	7.457.077	4.983.355	74.289	0	12.514.721
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.090.996)	(3.559.216)	(1.566.987)	8.805.601	1.588.402
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	2.004	0	2.004
Tekjuskattur	(567.167)	(289.840)	434.273	(3.170.016)	(3.592.751)
Hagnaður (tap) tímabilsins	4.798.914	1.134.298	(1.056.421)	5.635.585	10.512.376

Skýringar

6. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspættir - svið, frh.

	Veitur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Samtals
Efnahagur (30.9.2018)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	151.755.463	108.438.174	29.962.145	0	290.155.782
Aðrar eignir	21.625.272	10.221.620	153.715.967	(151.110.760)	34.452.099
					<u>324.607.881</u>
Vaxtaberandi skuldir	61.651.246	56.723.190	152.356.008	(122.439.596)	148.290.848
Aðrar skuldir	12.982.368	6.539.686	32.426.332	(27.491.258)	24.457.128
					<u>172.747.976</u>
Fjárfestingar (30.9.2018)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	4.484.984	3.088.876	3.494.002	0	11.067.863
Efnahagur (31.12.2017)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	151.079.915	101.169.408	27.354.869	0	279.604.192
Aðrar eignir	16.477.990	9.827.856	152.422.891	(147.074.687)	31.654.050
					<u>311.258.242</u>
Vaxtaberandi skuldir	63.237.820	55.752.375	148.520.208	(123.031.634)	144.478.770
Aðrar skuldir	10.061.653	6.873.754	30.993.447	(25.020.821)	22.908.033
					<u>167.386.803</u>
Fjárfestingar (30.9.2017)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	4.310.416	1.368.227	3.115.854	0	8.794.497

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	261.202	309.605
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(2.905.145)	(2.688.590)
Áfallnar verðbætur	(1.250.093)	(619.376)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(530.364)	(577.230)
Vaxtagjöld samtals	(4.685.603)	(3.885.196)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(4.076.813)	8.805.601
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	(186.784)	197.934
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	2.566.151	1.078.343
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	(2.147.287)	(2.151.150)
Gengismunur	306.046	(2.767.931)
Arðstekjur	21.524	1.195
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	(3.517.162)	5.163.992
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(7.941.563)	1.588.402

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,91% (2017: 0,87%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,58% (2017: 0,58%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 530 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018 (1.1.-30.9.2017: 577 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 36 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 1.697 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018 (1.1.-30.9.2017: tekjufærsla að fjárhæð 10.082 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 4.264 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018 (1.1.-30.9.2017: tekjufærsla 9.003 milljónir kr.).

8. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningskilareglur.

Skýringar

9. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9.2018		31.12.2017	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	148.290.848	148.152.362	144.478.770	139.681.314

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9.2018	31.12.2017
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	3,83% til 6,93%	3,12% til 6,31%
Skuldabréf á gangvirði gegnum rekstur		5,34%
Áhættuvarnarsamningar	-0,8% til 3,2%	-0,9% til 6,9%
Vaxtaberandi skuldir	1,16% til 8,20%	2,09% til 13,02%

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 25 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðt af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leiti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.9.2018	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	3.544.133	3.544.133
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0 (1.852.702) (1.852.702)
Áhættuvarnarsamningar	0 (294.224)	0 (294.224)
Markaðsverðbréf	2.278.017	0	0	2.278.017
	2.278.017 (294.224)	1.691.431	3.675.224

31.12.2017

Eignarhlutir í félögum	0	0	3.607.047	3.607.047
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	2.224.111	2.224.111
Aðrar fjáreignir	0	0	4.090.265	4.090.265
Áhættuvarnarsamningar	0 (2.860.374)	0 (2.860.374)
Markaðsverðbréf	2.124.722	0	0	2.124.722
	2.124.722 (2.860.374)	9.921.423	9.185.771

Skýringar

10. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðureikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.068.081	992.805
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	267.478	276.838
	<u>1.335.559</u>	<u>1.269.643</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	24.466	43.458
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	7.929	6.073
Hlutdeildarfélög	40.406	39.122
	<u>72.801</u>	<u>88.652</u>
	30.9.2018	31.12.2017
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	2.523	143.222
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	0	38.090
	<u>2.523</u>	<u>181.312</u>
Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	115	175.622
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	0	3.050
Hlutdeildarfélög	778	0
	<u>893</u>	<u>178.672</u>
Vaxtaberandi skuldir við eigendur móðurfyrirtækis voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	11.116.502	11.753.717
Akraneskaupstaður	656.967	694.625
Borgarbyggð	110.881	117.237
	<u>11.884.349</u>	<u>12.565.579</u>
	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Vaxtagjöld á lán frá eigendum móðurfélags á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	716.967	892.572
Akraneskaupstaður	42.180	52.427
Borgarbyggð	7.119	8.848
	<u>766.266</u>	<u>953.847</u>

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 7.